

Til nefndasviðs Alþingis

Vegna umsagnarbeiðni á máli 319 á 143. löggjafarþingi.

Þingskjal 609 — 319. mál.

Frumvarp til laga

um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi
(flutningur verkefna, stofnun sjóðs o.fl.).

(Lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014.)

Breyting á lögum nr. 71/2008, um fiskeldi, með síðari breytingum.

Í lögum um fiskeldi sem verið er að gera breytingar á er skilgreining á netlögum í sjó mjög villandi og alröng í þessu samhengi. Í 3. gr. þessara laga er eftirfarandi skýring á netlögum. **Skýring nr.16.**

“*Netlög*: Vatnsbotn 115 metra út frá bakka landareignar að stöðuvatni, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar“.

Þetta netlagaviðmið sem þingmenn hafa kosið að nota er algerlega óásættanlegt til notkunar í lögum um fiskeldi og stangast á við gildandi Jónsbókarlög og stjórnarskrána og þarf því að breyta og mun ég skýra það frekar máli okkar til stuðnings.

Hvað eru netlög? Netlög eru einkaeign og landamerki fasteignarinnar (jarðarinnar) úti í sjónum. Netlög eru skilgreind á tvo vegu samkvæmt íslenskum lögum. Í fyrsta lagi er um að ræða dýptarviðmið sem gilt hefur fyrir fiskveiðar í netlögum í rúm 700 ár á Íslandi og í öðru lagi svokallað fjarlægðarviðmið sem gildir um **aðrar veiðar en fiskveiðar** m.a. um fuglaveiðar og var tekið upp í lagasafnið 1849, svonefnd veiðitilskipun.

Á þessum skilgreiningum er mikill munur sem nauðsynlegt er að gera grein fyrir. Samkvæmt Jónsbókarlögum frá 1281, sem eru í fullu gildi í dag er dýptarviðmiðið eina skilgreiningin á netlögum og var það í rúm 560 ár eða þar til fjarlægðarviðmiðið kom með veiðitilskipuninni 1849, síðan þá hafa netlög verið skilgreind á tvo vegu.

Mikilvægt er að átta sig á því að starfsemi sem hugsanlega væri leyfð fyrir utan 115 metra netlögin en innan netlaga sem eru miðuð við dýpi og geta á mörgum jörðum náð langt út fyrir 115 metrana væri lögbrot og hefði augljóslega áhrif á einkaheimild landeigenda til veiða í netlögum og því rangt að miða netlögin við 115 metra, heldur á að nota það netlagaviðmið sem nær lengra frá fjöru á hverjum stað fyrir sig.

Eftirfarandi er skýring á dýptarviðmiðinu.

Dýptarviðmiðið (gildir um fiskveiðar í netlögum)

Hvert er þá dýpið í dýptarviðmiðinu miðað við metrakerfið, sem var tekið upp á Íslandi 1907?

Páll Jónsson Vídalín (1667-1727), lögmaður, tók saman skýringar á fornyrðum í íslensku lögbókinni Jónsbók og voru skýringarnar gefnar út á prenti 1846 og aftur 1854.

Á bls. 22 í grein 9 í þessari bók (sjá www.ses.is) stendur eftirfarandi texti Páls orðrétt:

„Til eru þær lögbækur á membrana, sem í Rekab. 2. segja: „Það eru netlög utarst, er selnet stendur grunn 20 möskva djúp að fjöru sjóar, og koma þá flár uppúr sjó, en það er 12 álna djúp að fjöru“. Eg

hefi þá eina, er svo les, og er hún skrifuð eptir *reformationem*. Önnur er skrifuð fyrir *reformationem* að sönnu, en þar eru þessi orð með annari hendi sett orðrétt eins á spássiunni. Er sú hönd þvílíkust, sem menn skrifuðu síðarst á *seculo* 16^o. Sú er hin þriðja, er skrifuð er að vísu fyrir *reformationem*, og hefir margar *notas antiquæ lectionis*, en er þó ei eldri enn svara megi *seculo* 14^o, eður öndverðu *seculo* 15^o. Hún hefur þessa grein inni í textanum svolátandi: „þat eru netlög utaz, er selnót stendur grunn 20 möskva djúp ath fjöru, oc komi þá flár uppúr sjó, þat er fjögra faðma djúp“. Þegar ég hugleiði með gaumgæfni þetta gjörvalt, *concludera* eg svo: að þegar sú membrana, er eg hér fyrsta nefndi, hefir skrifuð verið, þá muni svo langt verið hafa framliðið á tíma, að Hamborgar alin var hér orðin tíðkanleg sú er vér nú höfum og 3 gjöra meðalmanns faðm, en 12 fjóra faðma, og því hafi skrifarinn látið sér vera *indifferent*, hvert hann segði 12 álnir, eður 4 faðmar. Sama *rationinera* eg um þetta *comma* í þeirri, sem það hefir *in margine* með nýrri hendi skrifað; en um þá þriðju, sem í textanum hefir „4ra faðma djúp,“ skil eg að hann meini „málfaðma,“ það eru 14 álnir *seculi* 13., sjöunda hlut styttri enn þessa dags alin, *adeoque* 12 Hamborgar álnir, svosem þær yngri segja. Nú bið ég menn taki selanót 20 möskva djúpa, og skal hún gjöra það satt, að 12 álnir vorra tíma sé það djúp, er hún standi grunn; eg hefi það mælt á 5 möskvum og 3ja álna hæð á þurru lopti, og svo á 6 álnum vorum og 10 möskva djúpri nót, og felld svo netið, að möskvinn standi ferskeittur, sem lagnet eiga að gjöra.“

Samkvæmt skýringum Páls Vídalíns ná netlög út á um það bil 6,8 metrar á stórstraumsfjöru og er það dýpið í dýptarviðmiðinu.

Fjarlægðarviðmiðið.

Fjarlægðarviðmiðið kom í lagasafnið með veiðitilskipuninni árið 1849 og er þar talað um 60 faðma miðað við stórstraumsfjöru. Í nýlegum lögum er búið að breyta þessum 60 föðmum til samræmis við metrakerfið í 115 metra miðað við stórstraumsfjöru. Í lögnum frá 1849, grein 21 stendur að lögin gildi ekki fyrir veiðar á fiskum og hvölum og að Jónsbókarákvæðin um þær veiðar gildi áfram. Þess ber að geta að 21. greinin var felld út úr veiðitilskipuninni með lögum um stjórn fiskveiða nr. 38/ 1990, **án nokkura skýringar**. Með þessari aðgerð var um alvarlega tilraun til staðreyndafölsunar að ræða. Tilgangurinn með 21. greininni var lagaskýring til þess að forðast misskilning og upplýsa þingmenn og aðra um að veiðitilskipunin gildi aðeins um veiðar á fuglum og dýrum með heitt blóð, öðrum en hvölum **en alls ekki um veiðar á fiskum** og að Jónsbókarlögin giltu um þær veiðar áfram.

Þó að 21. greininni hafi verið lætt í burtu úr veiðitilskipuninni með lögnum um stjórn fiskveiða nr. 38/1990, gildir veiðitilskipunin ekki frekar nú en áður um fiskveiðar landeigenda í netlögum, heldur eru Jónsbókarlögin í fullu gildi þar um.

Atvinnustarfsemi í sjó utan netlaga.

Fskeldi sem atvinnustarfsemi í sjó er starfsemi sem hefur gríðalega mengun í för með sér á margvíslegan hátt sem mun hafa víðtæk áhrif á nágrenni fiskeldiskvíanna. Til að framleiða 10 þúsund tonn af eldisfiski er talið þurfa u.þ.b. 30 þúsund tonn af viltum fiski eins og loðnu, síld eða markíl til fóðurgerðar. Sumt af þessu fóðri fellur beint til botns við gjöf en annað fer í gegnum fiskinn sem skilar restinni af sér sem sest einnig á botninn og veldur þar súrefnisskort og getur valdið aldauða botndýra og botngróðurs. Starfsemin er það mengandi að færa þarf kvíarnar til og hvíla þarf firðina. Ýmis eiturefni eru notuð til að drepa lúsina sem herjar á eldisfiskinn og honum eru gefin lyf við sjúkdómum, einnig er hætta á genamengun viltra stofna þegar eldisfiskar sleppa úr kvíunum.

Niðurstaða.

Eigendur sjávarjarða hafa lögvarinn og stjórnarskrárvarinn eignarrétt og þar með einkarétt til fiskveiða í netlögum sem fundin eru út frá dýptarviðmiðinu sem er út á u.þ.b. 6.8 metra dýpi á stórstraumsfjöru. Sjórinn kringum Ísland skiptist í séreign eigenda sjávarjarða, það er að segja netlögin sem er sjávarbeltið næst landi og svo sameign allra Íslendinga þar fyrir utan. **Lög sem Alþingi setur og heimila atvinnustarfsemi í sjó verða að miða netlög við dýptarviðmiðið en ekki fjarlægðarregluna annað eru ólög.**

Þar sem aðgrunnt er og mikill munur er á flóði og fjöru geta netlög náð mörg hundruð metra út frá landi, einnig þarf að hugsa um nábylísréttinn og má sem dæmi taka að mismunandi aðilar í fiskeldi vilja hafa 5 km á milli sinna svæða. Fiskeldiskvíar og aðra atvinnustarfsemi verður því að staðsetja töluvert fyrir utan ýtrustu netlög og í samráði við landeigendur og nota dýptarviðmiðið við ákvörðun á stærð netlaga í skipulagsvinnunni við staðsetningu atvinnustarfsemi eins og fiskeldis að teknu tilliti til nábylísréttar en ekki 115 metra eins og lagt er upp með. Við mótmælum einnig harðleg að Samtök eigenda sjávarjarða sem eru landssamtök helstu hagsmunaaðilanna þ.e. þeirra sem eiga land og sjávarbelti næst þessari atvinnustarfsemi eru ekki höfð með í ráðum nema á síðustu stigum.

Fyrir hönd Samtaka eigenda sjávarjarða,

Bjarni M. Jónsson,

Sérfræðingur í haf og strandsvæðastjórnun.